



Forvígismenn hinna nýju samtaka herstöðvasinna: Kristján Hjaltason, Hannes Gissurarson og Skafti Harðarson.

Herstöðvasinnar stofna samtök

Þrír ungir menn, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Kristján Hjaltason og Skafti Harðarson, hafa stofnað með sér samtök til blaðútgáfu og fundahalda um utanríkis- og nafnið Samvinna Vesturlanda: Sókn til frelsis.

Í fréttatilkynningu frá þremmingunum segir að umræður um utanríkis- og nafnið Samvinna Vesturlanda: Sókn til frelsis. Í fréttatilkynningu frá þremmingunum segir að umræður um utanríkis- og nafnið Samvinna Vesturlanda: Sókn til frelsis.

Þremmingarnir hafa gefið út blað, sem ber nafn samtaka þeirra og verður því dreift í framhaldsskólum landsins. Í blaðið rita þeir þrír greinar, en fleiri eru til kallaðir. Má þar nefna Björn Bjarnason og Jónas Haralz, en spurningunni „Hvers vegna kýst þú samvinnu Vesturlanda?“ svara þeir Davíð Oddsson, Guðmundur G. Þórarinnsson, Gunnlaugur S. Gunnlaugsson, Jón B. Hannibalsson og Sigurbjörn Magnússon.

Blaðið segja þeir kostað með frjálsum samskotum einstaklinga.

Í fréttatilkynningunni segir einnig að þremmingarnir séu tilbúnir til þess að koma á fundi í framhaldsskólum landsins í

nóvembermánuði um utanríkis- og nafnið Samvinna Vesturlanda: Sókn til frelsis. Í fréttatilkynningu frá þremmingunum segir að umræður um utanríkis- og nafnið Samvinna Vesturlanda: Sókn til frelsis.

Á blaðamannafundi sem þeir þremmingarnir héldu fyrir skemmstu kom fram að þeir Hannes og Skafti eru báðir félagar í Varðbergi, félagi ungra áhugamanna um vestræna samvinnu, og einnig í Sjálfstæðisflokknum.

Þeir vildu ekki meina, að Varðberg hefði brugðist í því að halda uppi vörnum fyrir utanríkisstefnu núverandi stjórnvalda, en þótti samt brýna nauðsyn bera til þess að efla umræður um hana og sýna ungu fólki fram á mikilvægi hennar. —AI.

Samtök herstöðvaanstæðinga:


Við fögnum frumkvæði herstöðvasinna

segir formaður miðnefndar Ásmundur Ásmundsson

Þjóðviljinn leitaði til formanns miðnefndar Samtaka herstöðvaanstæðinga, Ásmundar Ásmundssonar, og spurði hann um viðbrögð herstöðvaanstæðinga við hinum nýju samtökum herstöðvasinna.

— Samtök þremminganna eru vafalítið stofnuð vegna þess að fylgi herstöðvasinna í framhaldsskólum landsins og Háskóla Íslands hefur farið dvinandi á síðustu árum, sagði Ásmundur.

— Ungt fólk hefur hafnað stefnu þeirra í utanríkis- og fylkt sér um stefnu herstöðvaanstæðinga. Samtök herstöðvaanstæðinga eiga vaxandi fylgi að fagna og ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar. Þetta sviður herstöðvasinnnum að sjálfsgöðu og þeir hugsa sér því að rétta hlut sinn með þessu frumkvæði. Mér skilst þeir hafi tekið sér góðan tíma til undirbúnings, enda ekki vanþörf á.



Ásmundur Ásmundsson

Samtök herstöðvaanstæðinga fagna þessu frumkvæði enda hefur lengi verið beðið eftir því að herstöðvasinnar eins og félagar í Varðbergi eða Vörðu landi fengjust til rökræðu um þessi mál. Samtök herstöðvaanstæðinga hafa lýst sig reiðubúin til þess að greiða fyrir umræðu um herstöðvamálið á allan hugsanlegan máta. Við höfum tjáð þremmingunum að samtökin sem slík muni ekki

mæta þeim á fundum í skólum. Hinsvegar munu þau benda á herstöðvaanstæðinga, sem faanlegir væru til þess, sé þess óskað.

Samtök herstöðvaanstæðinga eru samfylking manna sem að mörgu leyti hafa ólíkar stjórnmalaskoðanir en eru einhuga um þau meginmarkmið, að Ísland segi upp aðildinni að Nato og hér skuli engar herstöðvar vera.

Um önnur atriði utanríkis- málanna geta þessir einstaklingar verið ósammála, og hljóta þeir því að túlka sínar eigin skoðanir ef þau ber á góma.

Tvö nemendafélög, Menntaskólans í Hamrahlið og gamla skólans í Reykjavík, hafa þegar leitað til samtakanna um fundi nú í vikunni.

Þeim var bent á nokkra menn, og hafa þeir leitað til Sigurðar Tómassonar og Péturs Tyrfinngssonar um framsögu á móti þeim Davíð Oddssyni og Hannesi Gissurarsyni.

Þessir fundir eru haldnir að frumkvæði skólafélaganna sjálfra og ber vott um vaxandi áhuga manna á utanríkis- málum. Það teljum við herstöðvaanstæðingar góðs viti og vonum að fleiri skólum fari eins. —AI.

Sigurvissa eða dularfull prentvilla?

Í kennsluskrá Háskóla Íslands sem kom út í miðjum september s.l. er að finna meinlega villu. A lista yfir háskólaráðsmenn er próf. Ólafur Bjarnason, forseti læknadeildar, titlaður varaforseti háskólaráðs. Því embætti hefur hann hinsvegar aldrei gegnt og þegar kennsluskráin kom út var próf. Bjarni Guðnason, forseti heimspekideildar, varaforseti ráðsins. Nokkrum dögum eftir að skráin kom út fór hins vegar fram árlegt kjör varaforseta háskólaráðs og þá hlaut próf. Ólafur Bjarnason 6 atkv. í embættið en

próf. Sigurjón Björnsson, forseti félagsvísindadeildar, 8 atkv. og var réttkjörinn. Nú vaknar óneitanlega sú spurning hvort framboð próf. Ólafs Bjarnasonar hafi verið undirbúið með löngum fyrirvara og stuðningsmenn hans hafi verið svo sigurvissir að þeir hafi látið skrá hann í kennsluskrá sem varaforseta háskólaráðs áður en kosning fór fram.

Stúdentum þætti vænt um ef umsjónarmenn kennsluskrárinnar útskýrðu hvernig á þessari meinlegu villu stendur.

(Úr Stúdentablaðinu)

Happdrætti Herstöðvaanstæðinga

Dregið 15. nóvember

Senn liður að því að dregið verði í Happdrætti Samtaka herstöðvaanstæðinga, 15. nóvember n.k. Fjöldi útgefna miða er 15.000 og verð hvers miða er 250 krónur.

Vinningar í happdrættinu eru 250 talsins samtals að andvirði kr. 853.000.

Þeir eru:

Myndlistaverk:

1. Asgerður Búadóttir: Vefnaður. Verð 80000 kr.

2. Sigurður Thoroddsen: Mynd. Verð 50000 kr.

3. Messiana Tómasdóttir: Myndverk. Verð 40000 kr.

4. Guðrún Svava Svavarsdóttir: Teikning. Verð 40000 kr.

5. Jón Reykdal: Dúkrasta. Verð 19000 kr.

Til góðra nota:

6-25. Keflavíkurgönguskór,

sterkir og endingargóðir. Verð 4500 kr. samtals 90000 kr.

Ritverk:

27-50. Málverkabækur Máls og menningar, 6 bindi. Verð hvers flokks 3600 kr. samt. 90000 kr.

51-75. Þórbergur Þórðarson: Ólíkar persónur. Verð 3600 kr. samtals 90000 kr.

Hljómplötur:

76-100. Jóhannes úr Kötlum: Sóleyjarkvæði. Verð 2400 kr. samtals 60000 kr.

101-150. Þökkabót: Fráfærur. Verð 2290 kr. samtals 114500 kr.

151-200. Olga Guðrún: Kvöldfréttir. Verð 2790 kr. samtals 139500 kr.

210-250. Böðvar Guðmundsson: Þjóðhátíðarljóð 1974 + plakati um Varð land, verð 800 kr. samtals 40000 kr.

Enn eru til óseldir miðar á skrifstofu samtakanna í Tryggvagötu 10, og upplýsinga má leita í síma 17966.

Sinfónían í kvöld

Í kvöld, fimmtudag 10. nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands sína 3. áskriftartónleika, og eru þeir eins og að venju í Háskólabíói kl. 20.30.

Efnisskráin er að þessu sinni: Jón Asgeirsson: Lilja, Paganini: Fíðlukonsert í D-Dúr, Nielsen: Sinfónía nr. 2.

Einleikari er Aaron Rosand, stjórnanndi Eilfred Eckert-Hansen.

Lilja Jóns Asgeirssonar hefur verið flutt hér einu sinni áður, í nóvember 1971, og fóru gagnrýndur blaðið mjög lofsamlegum orðum um verkið og höfundinn. Fíðlukonsert Paganinis og sinfóníu Nielsens hafa einnig verið flutt hér áður.

Eilfred Eckert-Hansen er danskur og kom fyrst fram sem

hljómsveitarstjóri 1949. Hann var nemandi Victor de Sabata við Scala óperuna í Milanó á árunum 1953-54, og eini erlendi nemandi þessa fræga hljómsveitarstjóra. Eckert-Hansen er nú aðalhljómsveitarstjóri í Tivoli í Kaupmannahöfn, en hefur stjórnað mikið í Þýskalandi, Ítalíu, Bandaríkjunum, Canada og Skandinavíu.

Fíðleikarinn Aaron Rosander bandarískur. Hann stundaði nám m.a. hjá Efreim Zimbalist og kom fyrst fram á sjálfstæðum tónleikum í New York árið 1948. Hin síðari ár hefur hann leikið með öllum helstu hljómsveitum í Ameríku og Evrópu. Aaron Rosand kom fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí 1975.

Megas með Spilverki á nýrri hljómplötu

A bleikum náttkjólum nefnis, ný hljómplata sem löunn hefur sent frá sér. Hún hefur að geyma ljóð og lög Megasar, fjölbreytt að efni og búningi.

Það er Megas og Spilverk Þjóðanna sem standa að gerð plötunnar og annast útsetningar, söng og hljóðfæraleik. Auk þeirra félag kemur Karl Sighvatsson allmikið við sögu á plötunni og leikur á hljómborð, Helgi Guðmundsson á munnhörpu, Eggert Þorleifsson

flautuleikari og Viðar Alfreðsson trompet. Þess má geta, að nú gefst í fyrsta skipti tækifæri til að hlýða á Megas sjálfan leika á hljóðfæri á hljómplötu.

Þessi nýja plata Megasar og Spilverksins er ólík fyrri plötum Megasar að því leyti að hann sýnir á köflum meiri blíðu og hlýju en áður. En á þessari plötu er einnig að finna efni og flutning sem vafalaust mun hneyksla marga, svo sem tvö lög sem flokkast gætu undir svonefnt „ræflarokk“.

Hönnun plötuumslags og textabæklings var í höndum Kristjáns Kristjánssonar.